

Að læra sannleikann um Guð

Lesið Rómverjabréfið 10:13-15. Fólk lærir að ákalla nafn Jehóva þegar vottar Jehóva segja því frá fagnaðarerindinu. Á heimasíðunni jw.org/is geturðu séð hvernig milljónir manna boða „fagnaðarerindið um hið góða“.

Þið fjölskyldan getið skoðað saman ljósmyndirnar efst á heimasíðunni. Reynið að giska á í hvaða löndum myndirnar eru teknar og hvar þau eru á kortinu. Veljið síðan „OPNA“ til að athuga hvert svarið er og til að fá að vita hve margir vottar Jehóva veita bibliukennslu í þessum löndum. Skoðið síðan landakortið. Merkið inn á það hvar löndin eru sem þið voruð að skoða og síðan landið sem þið búíð í.

► **PRÓFIÐ ÞETTA:** Veljið eitt af löndunum sem eru sýnd á heimasíðunni jw.org/is. Notist við þau leitartól sem þið hafið aðgang að til að finna út hvaða tungumál eru töluð í þessu landi. Veljið síðan „Útgáfa“ á jw.org/is og reynið að finna eitt þessara tungumála í leitarglugganum. Veljið það og smellið á „Leita“. Ef rit eru fáanleg á þessu tungumáli getið þið hlaðið niður riti og hljóðupptöku og séð hvernig tungumálið er skrifað og heyrt hvernig það hljómar.

